# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Vatnsendahvarf.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. desember 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. október 1994.

Breytingin felst í því að lögun svæðis fyrir iðnað og verslun og þjónstu við Vatnsendahvarf breytist. Lega Arnarnesvegar verður að hluta innan lögsögu Kópavogs. Tengibraut skiptist og tengist annars vegar Breiðholtsbraut og hins vegar fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Mislæg gatnamót verða á mótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar. Göngu- og reiðstígar breytast. Í tengslum við það er gert ráð fyrir undirgögnum, og göngu- og reiðleið undir Breiðholtsbraut og brú, göngu- og reiðleið yfir Dimmu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. desember 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*